GJALDSKRÁ

fyrir sorpflutninga og sorpförgun í Bláskógabyggð árið 2005.

1. gr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorpflutninga- og sorpförgunargjald).

2. gr.

Sorpgjald greiðist til sveitarsjóðs Bláskógabyggðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

		kr.
A	Sorpgjald á íbúðir, árgjald	8.419
A.1	Sorp sótt að íbúðarhúsi, aukagjald á íbúðarhús	8.756
B	Sorpgjald á sumarhús, árgjald	6.203
C	Sorpgjald á atvinnurekstur, lágmarksgjald	18.610

Stærri fyrirtæki greiða auk þess sérstaklega fyrir gáma sem þau hafa hjá sér. Gámagjald verði fyrir 5 m^3 gám, kr. 2.800 og fyrir 8 m^3 gám, kr. 4.480 pr. losun.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 16. nóvember 2004 og er í samræmi við samþykkt fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð nr. 148/2003 sem samþykkt var af heilbrigðisnefnd Suðurlands 18. desember 2002 og í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 27. apríl 2005.

Ragnar Sær Ragnarsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Nr. 410 27. apríl 2005

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð.

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir árlega fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt sveitarfélagsins um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru nr. 408/2005.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 4.900 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 16. nóvember 2004 skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Aratungu, 27. apríl 2005.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.